

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Seyðisfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið við Ferjuhöfn, Öldu og nærliggjandi svæði.

Deiliskipulagið nær til hafnarsvæðisins við Ferjuhöfn, Öldu og nærliggjandi svæða. Samkvæmt tillögunni verður deiliskipulagstillaga fyrir hafnarsvæðið frá 2002 staðfest í meginatriðum, samþykktar skipulagsáætlanir við Lónsleiru og Austurveg felldar inn í hana og svæðið sem skipulagið nær yfir á Öldunni stækkað.

Samþykkt í bæjarstjórn 16. mars 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seyðisfirði, 4. janúar 2017.

Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2017